

REGLUR

um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.

1. gr.

Til að njóta tollfrelsis við innflutning á upprunavörum frá EFTA- og EB-löndum gegn framvísun á vörureikningi með yfirlýsingu útflytjanda um uppruna vöru, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 404/1987, eða innflutning á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangurs ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 skilríki eða vörureikningi með yfirlýsingu útflytjanda um uppruna vöru verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í gjaldmiðli hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smábögglar til einkaaðila 365 ECU	Persónulegur farangur ferðamanna 1 025 ECU	Mörk vegna yfirlýsingar á vörureikn. á vörureikn. 5 110 ECU
Austurríki	ATS	6 000	15 000	74 000
Belgía	BEF	16 000	44 000	217 000
Bretland	GBP	255	720	3 585
Danmörk	DKK	2 900	8 100	40 200
Finnland	FIM	1 800	5 000	25 000
Frakkland	FRF	2 500	7 100	35 300
Grikkland	GRD	75 000	210 000	1 046 000
Holland	NLG	850	2 400	11 900
Írland	IEP	280	780	3 900
Ísland	ISK	27 300	76 700	382 400
Ítalía	ITL	565 000	1 585 000	7 885 000
Lúxemborg	LUF	16 000	44 000	217 000
Noregur	NOK	2 900	8 200	40 800
Portúgal	PTE	66 600	187 000	932 500
Spánn	ESP	47 100	132 200	658 800
Sviss	CHF	650	1 800	8 800
Svíþjóð	SEK	3 000	8 000	39 000
Þýskaland	DEM	750	2 100	10 500

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunarsamningi sem er. Velji hann hins vegar einhvern annan gjaldmiðil en að ofan greinir geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir það.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 404/1987, til að öðlast gildi hinn 1. október 1991. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 270/1989, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 23. september 1991.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.